
Olíutunnur á Kjarvalsstöðum

Ameríski myndhöggvarinn Christo opnar sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða, laugardaginn 8. júní kl.16.00. Aðstoðarmaður hans Josy Kraft setur verkin upp hér en sjálfur er Christo á þeytingi milli Bandaríkjanna og Japans við uppsetningu gríðarstórra sólhlífa.

Eitt af því sem Christo er þekktastur fyrir er að pakka inn furðulegustu hlutum. Upp úr 1980 pakkaði hann m.a. inn nokkrum eyjum á Biscayne-flóa í Florida. Hann fékk ekki að pakka inn eins mörgum eyjum og hann hafði ætlað sér í fyrstu vegna þess að sumar þeirra voru varplönd pelíkana. Tunnurnar á Kjarvalsstöðum eru meðal fyrstu pökkunarverkefna Christos. Þær eru frá því 1958- 1959.


Christo hefur einnig pakkað inn opinberum byggingum og öðrum mannvirkjum, tjaldað þvert yfir dali til að loka fjallasýn og girt með tveggja mannhæða háu, ógagnsæju tjaldi yfir hæðir og hóla. Hann kostar allar sínar framkvæmdir sjálfur og neitar að taka við opinberum styrkjum. Það telur hann binda hendur sínar. Um eigin listaverk hefur hann m.a. sagt að þau séu ekki hlutir heldur listaverk sem venjulega fái lánað tiltekið rými sem að öðru jöfnu tilheyrir ekki höggmynd eða málverki. Þau fá lánað rými uppi í sveit, í borg eða úthverfum - tré, brýr eða þjóðvegi. Þetta rými er samofið listaverkinu. Olíutunnurnar eru í eigu sænsks miljónamærings sem heitir Torsten Lilja. Hann er sagður eiga um 150 verk eftir Christo.

-kj



Josy Kraft við olíutunnur meistara síns. Eins og sjá má er sumum þeirra pakkað inn.

HVE GLÖÐ ER VOR VINNANDI ÆSKA



Harður kommúnisti, nema hvað

Hver kannast ekki við þá tilfinningu að með vorinu komi ný tíð, ekki bara með blóm í haga heldur líka með nýju starfi – og breyttum heimi. Í reynsluheimi velflestra Íslendinga er að finna hrynjandi þar sem á skiptist skóladvöl og sumarvinna. Þess vegna býr í vorinu þessi tilfinning að nú skuli tekist á við eitthvað nýtt og spennandi. Að auki er von til þess, að minnsta kosti fyrir sumarvinnufólk, að peningaveskið tútni aðeins meira út en venjulega. Að ekki sé nú talað um þá drauma sem fylgja vorinu um að eitthvað virkilega spennandi gerist nú um helgina. Jafnvel eitthvað rómantískt.

Nýtt Helgarblað hitti á Jóhannes Bjarna Sigtryggsson sem í sumar vinnur malbikunarvinnu hjá Loftorku í Reykjavík. Flokkurinn hans var að undirbúa malbikun á Sogaveginum og var að taka sig upp þegar Nýtt Helgarblað mætti á staðinn.

– Þetta er fyrsta sumarið mitt í malbikun, sagði Jóhannes en í fyrra vann hann hjá Hitaveitunni. Jóhannes er 18 ára og er búinn að vera í malbikunarvinnunni í þrjár vikur eða síðan skólanum lauk. Við starfið metur hann mest félagsskapinn en sami vinnuhópurinn starfar saman allt sumarið. Jóhannes kvartaði ekki einu sinni undan kaupinu sem hann taldi ágætt. En þennan dag voru allir í góðu skapi enda hafði sólin þá skinið í marga daga í röð sem er nú frekar óvenjulegt hér sunnan heiða.

– Hvað segiði, eruð þið frá Þjóðviljanum? hváði Jóhannes.

– Helgarblaðið er uppáhaldsblaðið mitt, sagði hann og brosti. Hann kvaðst fylgjast vel með í pólitíkinni og öðru slíku. – Enda er ég harður kommúnisti, sagði hann og hananú. Þótt hann fylgist vel með í þjóðmálunum þá hélt hann ekki að það væri almennt meðal fólks á hans aldri. Hann sagðist að sjálfsögðu fylgjast vel með öllu er varðaði umhverfismál, enda þyrfti að hugsa um þau mál í tíma. – Já, ég held að yngra fólk hugsi frekar um umhverfismál en þeir sem eru eldri, sagði Jóhannes. – Við erum með opnari huga og ómótaðri, bætti hann við.

En þá var hann líka rokinn upp í traktorinn því félagar hans voru lagðir af stað til að undirbúa næsta bút fyrir malbikun. En Kristinn ljósmyndari náði þó að smella af honum mynd áður en hann brunaði burt.

-gpm

Ryðgaðar járnfötur, blúnduhanskar og tréker

Á laugardag opna þær Nanna K. Skúladóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir skemmtilega skúlptúrsýningu í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Nanna sýnir höggmyndir úr tré, en Þórdís verk unnin úr gömlum hlutum t.d. járni, flaueli og svampi.

Myndir: Kristinn



Fyrsti apríl á Tveimur vinum

Þótt komið sé fram í júní verður Fyrsti apríl á Tveimur vinum nú á sunnudag. Fyrsti apríl er ung rokkhljómsveit og eru þessir tónleikar fyrstu tónleikar sveitarinnar. Sveitin leikur eigin útsetningar á verkum eldri meistara einsog Led Zeppelin, Cream, Hendrix o.fl. Tónleikarnir hefjast kl. 23 og er miðaverð kr. 350.

SKÚMUR





ALLT VILL NÚ LIFA

Kosið var í fastanefndir Alþingis á föstudag... Alþýðuflokksmennirnir fimm sem ekki gegna ráðherraembættum eru formenn hver í sinni nefnd.

Alþýðublaðið

SÆT ERU DAVÍÐS SVIPUHÖGG

Það virðist vera hægt að nauðga Alþýðuflokknum endalaust...Það eru til í mannlegu lífi fyrirbæri sem eru masókistar. Alþýðuflokkurinn virðist vera hinn pólitíski masókisti á Íslandi, sagði Ólafur Ragnar Grimsson.

Tíminn

AF UPPLÝSINGAÞJÓÐFÉLAGI

Sérfræðingar í málefnum Mónakóaðalsins segja stuttklippinguna vera til marks um að Karólína (Mónakóprinsessa) syrgi bónda sinn enn ákaflega.

Morgunblaðið

KRISTUR ÞJÁDIST OG BAUÐ OSS AÐ GERA SLIKT HIÐ SAMA

Það hlýtur að vera raun fyrir prestana, sem jarðsyngja sumir dag eftir dag, að kirkjugestir taki þátt í því sem fram fer.

Morgunblaðið

FORMIÐ GEGN INNIHALDINU

Það hlýtur að vera skýlaus krafa hlustenda að íþróttafréttamenn reyni að gera lýsingar sínar eins líflegar og áhugaverðar og þeim er unnt – sama hve leikir eru leiðinlegir.

DV

SVO KJÓSA ÞEIR KRATA

Einn glöggur viðmælandi benti á að Keflvíkingar væru nokkurs konar negrar Íslands. Þeir sköruðu fram úr í poppi og íþróttum en létu öðrum eftir stjórnmál, bisness og önnur áhugamál hvítra.

Pressan (fylgirit Alþýðublaðsins)

NÚ ER RÓMATÍKINNI KALT

Það er til að mynda ekkert rómantískt að fá kynsjúkdóm af því að hún þorði ekki að biðja hann um að nota smokkinn af því að þá héldi hann að hún væri lauslát gella...

Pressan